

EFTIRLITSSKÝRSLA

Olíudreifing Reyðarfirði



| | | | | |
|----------------------------|-------------------|-------------------------|------------------------|------------|
| Dags eftirlits | 27.5.2015 | Fulltrúi UST | Gottskálk Friðgeirsson | |
| Fyrirtæki | Olíudreifing | Fulltrúi UST | | |
| Heimili | Hólmaslóð 8 - 10 | Tegund eftirlits | Reglubundið | |
| Kennitala | 6606952069 | Flokkur | Olía | |
| Fulltrúi fyrirtækis | Gestur Guðjónsson | ÍSAT nr. | 63.40 | |
| Fulltrúi fyrirtækis | | Staðsetning | 725312,177 | 512055,178 |

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlit fundust ekki frávik frá kröfum í starfsleyfi. Engar athugasemdir voru gerðar.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið hófst á fundi og farið var yfir rekstrarhandbók og mánaðarblöð fyrir stöð Olíudreifingar á Reyðarfirði, farið yfir kröfur um mælingar og skráningar sem kröfur eru gerðar um. Allar skráningar reyndust í góðu lagi. Geymar hafa verið botnþykktarmældir, lagnir þrýstiprófaðar og olíuleifar í fráveitu stöðvarinnar mældar. Allt reyndist í góðu lagi. Geymir nr. T0009 hefur verið tekinn úr notkun. Hann stendur opinn og tómur. Lagnir skal þrýstiprófa á árinu.

Þjónusta við olíuskiljur er eins og mælt er fyrir um í starfsleyfi. Hér er krafa um mælingu á olíuleifum í frárennsli á þriggja ára fresti eða oftar ef ástæða er til. Næst á að mæla árið 2016. Fyrirhugað er að endurnýja loka í frárennsli þróa á árinu.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir. Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar í rekstrarhandbók voru skoðuð.

Gengið var um stöðina, myndir teknar og geymar skoðaðir svo og lekavarnir (þrær) og olíuskiljur. Ekki sást neitt sem gera þarf athugasemd við hér. Girðingar og hlið voru í lagi.

Bensín er geymt í stöðinni. Samkvæmt 3. gr. reglugerðar nr. 252/1999, um varnir við losun rokgjarnna lífrænna efnasambanda (VOC), við geymslu á bensíni og dreifingu þess frá birgðastöðvum til bensínstöðva, eru fyrirbyggjandi geymar með föstu þaki í olíubirgðastöðvum undanþegnir ákvæðum um gufuendurnýtingarbúnað. Stöðin á Reyðarfirði hefur ekki gufusöfnunarbúnað.

Olíubirgðastöðin á Reyðarfirði er með vottað umhverfisstjórnunarkerfi og var vottunarúttekt síðast framkvæmd (BSI) í september 2014.

ATHUGASEMDIR

Engar athugasemdir voru gerðar við stöðina.

Reykjavík, 19.06.2015

Gottskálk Friðgeirsson

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.